

Mál nr. 303/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis. Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis: A

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Ásetningur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V dags. 29. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf M dags. 1. desember 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónstilkynningu ökumanns B, dags. 14. október 2020, urðu skemmdir á bifreiðinni B þegar A, sem M ók, ók aftan á hana. Í framhaldi þess óskaði V eftir rannsókn Aðstoðar og öryggis á umræddum árekstri. Liggur skýrsla fyrirtækisins, dags. 3. nóvember 2020, fyrir nefndinni en niðurstaða hennar er sú að umræddur árekstur hafi verið sviðsettur. M gerir kröfu um bætur vegna tjóns á A svo og bætur vegna líkamstjóns.

Í tilkynningu V til M, dags. 12. nóvember 2020 kemur fram að á grundvelli þess að umræddu tjóni hafi verið valdið af ásetningi séu bætur til M, bæði vegna munatjóns svo og líkamstjóns er hann kunni að hafa orðið fyrir, felldar niður. Í kjölfar þess áttu lögmaður M og V í frekari samskiptum og með tölvupósti til lögmanns M, dags. 14. júní 2021, ítrekaði V afstöðu sína. Í þeim tölvupósti kom jafnframt, eins og í upprunalegu höfnunarbréfi, fram að M gæti leitað til nefndarinnar innan árs frá dags. höfnunarbréfs. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum óskaði lögmaður M þess á ný, með bréfi hinn 24. ágúst 2022, að V endurskoðaði afstöðu sína.

Í málskoti kemur fram að M hafni því að umræddur árekstur hafi verið sviðsettur, og sönnunargildi einhliða aflaðrar skýrslu hvað það varðar er sérstaklega mótmælt.

Í bréfi V til nefndarinnar er fyrst og fremst gerð krafa um að málinu verði vísað frá á grundvelli þess að ágreiningnum hafi ekki verið skotið til nefndarinnar innan árs frá dags. höfnunarbréfs.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins krefst M bóta úr kaskótryggingu A svo og slysátryggingu ökumanns og eiganda A. Í 2. mgr. 51. gr., um skaðatryggingar, og 2. mgr. 124. gr., um persónutryggingar, laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, kemur fram að vátryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að vátryggingafélag sannanlega hafnar kröfu hans í heild eða hluta. M hefur stöðu vátryggðs bæði hvað varðar kröfu úr kaskótryggingu A og slysátryggingu ökumanns og eiganda hennar. Fyrir liggur að með bréfi, dags. 12. nóvember 2020, hafnaði V kröfu M um bætur úr báðum fyrrgreindum vátryggingum á grundvelli þess að umrætt atvik væri sviðsett og tjóninu því valdið af ásetningi, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 89. gr. laga um vátryggingarsamninga. Jafnvel þó M væri veitt nokkurt svigrúm til samningaumleitana verður að líta til þess að V hafnaði kröfu hans að nýju með bréfi dags. 14. júní 2021. Verður því að telja að frestur M til að skjóta máli þessu til nefndarinnar hafi runnið út í alsíðasta lagi 14. júní 2022 en málskot barst nefndinni ekki fyrr en hinn 20. september 2022. Að fenginni þessari niðurstöðu eru þá ekki efni til að taka önnur atriði ágreinings þessa til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu og slysátryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir